

Aðalfundur Betadeildar haldinn föstudaginn 16. maí kl. 19:00 í Kleifargerði 3, á heimili Jóhönnu. Mættar voru 19 konur.

Dagskrá:

1. Setning fundar.
 2. Orð til umhugsunar.
 3. Fundargerð síðasta fundar lesin.
 4. Inntaka nýrra félaga.
 5. Aðalfundastörf
 - a) Skýrsla stjórnar
 - b) Kosning nýrrar stjórnar.
 6. Erindi frá stjórn
 - a) Afmæli
 - b) Fjölgun í Betadeild
 - c) Vegna andláts deildarkvenna.
 7. Önnur mál.
 8. Fundarslit.
-
1. Jónína setti fund og kveikti á kertum og bar fyrir kveðjur frá fjarstöddum konum.
 2. Hanna var með orð til umhugsunar og rifjaði upp tildrög þess hvers vegna þær gáfu út bókina "Listakonan í fjörunni". Elísabet Geirmundsdóttir oftast kölluð Beta Geirs var alþýðulistakona fædd 16. febrúar 1915 í Geirshúsi, Aðalstræti 36 á Akureyri. Hún lést í apríl 1959 aðeins 44 ára að aldri. Beta var þekktust fyrir myndlist sína en einnig orti hún ljóð og samdi lög þótt hún kynni engar nótur. Betadeild DKG ákvað að gefa út bók um þessa merku konu eftir að þær höfðu haft kynningu á henni og verkum hennar á Landssambandsþingi DKG í Borgarfirði. Kynningin gekk mjög vel og voru þær eindregið hvattar til að gera eitthvað meira með þetta frábæra efni sem þær höfðu í höndunum. Og til að gera langa sögu stutta ákváðu þær að gefa út bók um þessa merku konu en byrjuðu á að gefa út gjafakort með listaverkum eftir Betu Geirs til að safna fyrir bókaútgáfunni. Þær fengu einnig styrk frá KEA 50.000 kr. Einnig fengu þær lánuð listaverk eftir hana og settu upp sýningu á Minjasafni Akureyrar og hvöttu kennara í skólum til að koma með nemendur sína og skoða þessa merku sýningu. Þegar bókina kom út 1989 færðu Betakonur Vigdís Finnbogadóttir forseta fyrsta eintakið af þessari bók en hún er heiðursfélagi í DKG síðan 8. maí 1981.
 3. María Gunnarsdóttir las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með örlítilli breytingu.
 4. Inntaka nýrra félaga. Herdís Anna Friðfinnsdóttir var tekin inn í Betadeild í fallegri athöfn. Að henni lokinni var gert örlítið hlé þar sem konur gátu faðmað Herdís og boðið hana velkomna í deildina okkar og Herdís sagði nokkur falleg orð til okkar og þakkaði fyrir sig.
 5. a) Jónína Hauksdóttir las skýrslu stjórnar og var hún samþykkt með örlitlum breytingum. Einnig þakkaði hún þeim Ernu og Þorgerði fyrir vel unnin störf í stjórn Betadeildar, því þær voru að hætta í stjórn.

b) Ný stjórn var kynnt af uppstillingarnefnd en í henni sátu þær Aníta og Ragnheiður Stefánsdóttir. Nýju stjórnina skipa þær: Björk Sigurðardóttir, María Gunnarsdóttir, Aníta Jónsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir og Margrét Jónsdóttir

gjaldkeri sem er utan stjórnar en situr fundi með stjórn, þá mun Jónína Hauksdóttir sitja áfram í stjórn sem fráfaramandi formaður. Á næsta stjórnarfundum mun ný stjórn skipta með sér verkum.

6. Jónína færði Fríðu Péturs rós og gefandi gjafabréf frá UNICEF í tilefni af 50 ára afmæli hennar. Í þessari einstöku gjafakörfu er að finna 38 pakka af vítamínbættu jarðhnetumauki sem gerir kraftaverk við meðhöndlun vannæðra barna. Karfan inniheldur einnig bóluefni sem verndar 25 börn gegn lífshættulegum sjúkdómi: Mislingum. Árlega draga bæði mislingar og vannæring ótal börn til dauða í fátækustu ríkjum heims.

En fleira leynist í körfunni! Í henni eru nefnilega ormalyf sem hjálpa 150 börnum að vinna bug á sníkjudýrasýkingu í meltingarvegi. Slík sýking getur verið mjög hættuleg. Rú sínin í pylsuendanum eru síðan námsgögn fyrir 20 börn. Betakonur ákváðu að gefa svona körfu á stórafmælum.

b) Fjölgun í Betadeild. Nokkrar umræður sköpuðust um það hvort við viljum horfa á einhverja sérstaka starfstétt? Engin niðurstaða varð á því en við gerum ráð fyrir að það komi tvær nýjar í deildina í haust og á næsta starfsári ættum við að koma með tillögur að nýjum konum en leyfa þessu ári að líða og árið 2015 taka inn fleiri.

c) Jónína las tillögu vegna andláts deildarkvenna sem hljóðar svo:

a) Siðareglur vegna andláts innan deildarinnar. Á aðalfundi 2012 tilkynnti stjórnin að ákveðið hefði verið að styðja við þær konur sem missa nákominn ættingja með því að senda kort. Það miðast við maka, börn, foreldra og barnabörn.

b) Óskað er eftir samþykki deildar þess efnis að þegar félagskona fellur frá sé aðstandendum boðin aðstoð við erfidrykkjuna. Farið er með blóm og kort til aðstandanda og prestur beðinn um að lesa upp kveðjuorð frá deildinni og þarf þá einhver að taka að sér að semja þau og koma þeim til prestsins. Einhver tekur að sér að stjórna stuttri minningarathöfn um látna félagskonu á næsta formlega fundi. Þessi tillaga samþykkt.

7. Önnur mál: ákveðið var að pyngjan góða yrði látin ganga á Rub veitingastaðum sem við ætlum á eftir fund.

Dregið var í happadrættinu og fékk Rósa Kristín vinninginn.

8. Jónína þakkaði Jóhönnu fyrir húsaskjól og færði henni rós, tákn samtakanna, slökkti á kertum og sleit fundi kl. 20:20.

María Gunnarsdóttir ritari.